

## **Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um skipan stýrihóps til að kanna forsendur fyrir innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipaður verði stýrihópur sem greini og leggi mat á hvað þurfi til til að Reykjavík geti farið í innleiðingaverki á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna líkt og gert var í Kópavogi. Í kjölfarið verði stefnt að því að fá afhenta viðurkenningu og vera þar með komin í hóp barnvænna sveitarfélaga en hugmyndafræði þeirra byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF. Barnvæn sveitarfélög vinna markvisst að því að uppfylla réttindi barna og UNICEF á Íslandi styður sveitarfélögin í innleiðingu sinni á Barnasáttmálanum. Verkefnið er samstarfsverkefni UNICEF og félagsmálaráðuneytisins. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins var lögfestur með lögum nr. 19/2013 og hefur hann lagagildi hér á landi og bein réttaráhrif. Reykjavíkurborg ber því að fara að ákvæðum sáttmálans við ákvörðunartöku og í athöfnum sínum. Það er mikilvægt að vinna ítarlega greiningarvinnu á högum og aðstæðum barna í Reykjavík. Nokkur brýn mál þarfnast úrbóta. Þau snúa m.a. að aðbúnaði barna og öryggi í leik- og grunnskólum, rétt þeirra til sálfræði- og talmeinaþjónustu og þátttöku þeirra í ákvörðunum er varða þau sjálf þar sem þess er kostur. Innleiðing Reykjavíkur á Barnasáttmálanum skiptir sköpum þegar kemur að málefnum barna, sérstaklega nú þegar fátækt fer vaxandi og kannanir sýna aukna vanlíðan barna. Tilkynningum til barnaverndaryfirvalda hefur fjölgað.

### **Greinargerð**

Borgarfulltrúi mun nú reifa þau mál sem hafa verið í umræðunni og þar sem sýnt þykir að ekki sé verið að fylgja ákvæðum Barnasáttmálans.

1. Börn eru látin bíða mánuðum saman eftir nauðsynlegri sálfræðiþjónustu. Að láta börn bíða eftir nauðsynlegri þjónustu stríðir gegn Barnasáttmálanum.
2. Foreldrum er refsað fyrir að vera í vanskilum í Reykjavíkurborg og bitnar það mest á börnunum. Málefni fátækra foreldra sem eru í vanskilum við Reykjavíkurborg hafa verið í umræðunni. Nokkur fjöldi barna sem búsettur er í Reykjavík á á hættu að fá ekki boðaða vist í leikskóla eða eiga jafnvel von á uppsögn á vistunarsamningi við leikskóla.
3. Nýlega voru árskort ungmenna í strætó hækkuð. Sýnt er að breytingarnar hafa mest áhrif á börn sem búa við fátækt og erfiðar félagslegar aðstæður.
4. Málefni Fossvogsskóla hafa verið í hámmæli en ekki er vitað um áhrif þess á nemendur. Umboðsmaður barna hefur einnig bent á mikilvægi þess að ferlar og verklag sem byggt verði á feli í sér skýra upplýsingagjöf til barnanna og rétt þeirra til þátttöku og áhrifa.

Umboðsmaður barna hefur beitt sér í öllum þessum málum. Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur margsinnis rætt þessi mál (biðlista eftir talmeinafræðingi og sálfræðiþjónustu; áhrif og afleiðingar myglu í leik- og grunnskólum; foreldrum refsað fyrir að vera í vanskilum og hækkun námskorta strætó) í ræðu og riti og lagt fram tillögur til úrbóta sem og bókað um þessi mál í fjölmörgum tilfellum.